

Umbóta og þróunarstarf

Skólastarf þarf að vera í sífellndri mótun. Skólinn starfar í takt við það samfélag sem hann er í. Breyttar þjóðfélagsaðstæður og tækninýjungar knýja á um breytingar. Mikilvægt er að fylgjast með nýrri þekkingu á sviði uppeldis og menntunar. Markmið með þróunarstarfi er að bæta skólastarfið í þágu nemenda. Skóli í þróun þarf stöðugt að horfa bæði inn á við og út á við. Kennarar og aðrir starfsmenn skólans eru lykilpersónur í skólaþróun. Skólinn er stofnun sem lærir þar sem er náið samstarf og samábyrgð starfsmanna um að bæta skólastarfið.

Umbóta- og þróunarstarf í Grunnskóla Grindavíkur byggir á heildarstefnu skólans, símenntunaráætlun og niðurstöðum innra og ytra mats. Unnið er út frá 3 ára þróunaráætlun sem endurskoðast reglulega.

Þróunaráætlun 2016 - 2019

Skólaár 2016 – 2017					
Verkefni - umbótaþáttur	Áætlanir um umbætur – hvað gert.	Ábyrgðaraðilar -	Hvenær unnið	Viðmið um árangur	Annað t.d. bjargir
Uppeldi til ábyrgðar	Námskeið erlendis fyrir alla starfsmenn. Fyrirlestrar fræðimanna og heimsóknir í uppbyggingarskóla			Mælingar Skólapúls. Sýnileiki í starfi	Fjármagn Fyrirlesarar Styrkir frá stéttarfélögum
Tækni og nám.	Spegluð kennsla og fleiri nýjar aðferðir sem tengjast tækni.	Tölvuum-sjónar-maður Verkefnateymi Stjórnendur Kennarar skólans	Allt skólaárið	Betri námsárangur Meiri ánægja nemenda	
Gæðagreinir	Umbótaþáttur valinn út frá niðurstöðum Gæðagreina.				

Skólaár 2017-2018 og 2018 – 2019					
Verkefni - umbótaþáttur	Áætlanir um umbætur – hvað gert.	Ábyrgðaraðilar -	Hvenær unnið	Viðmið um árangur	Annað t.d. bjargir
Uppeldi til ábyrgðar	Koma þarf á reglulegri fræðslu og senda nýliða á grunnnámskeið, gera dagatal/áætlun. Fræðsla á deildafundum.	Uppbygging ateymið með þátttöku allra starfsmanna.	Allt skólaárið.	Allir virkir í notkun stefnunnar og hún verði sýnileg í skólanum.	Fá fyrirlesara í upprifjun
Byrjendalæsi	Umbætur í lestri fyrir yngstu nemendurnar.	Allir kennarar á yngsta skólastigi.	Verkefnið verður þróunarverkefni í tvö ár.	Bætt lestrarfærni og lesskilningur á yngsta stiginu.	Námskeið, leiðbeinandi og verkefnastjóri.
Teymiskennsla	Breyttir kennsluhættir á yngsta stigi. Markmiðið að auka fjölbreytni í kennsluháttum og koma til móts við fleiri nemendur.	Allir kennarar á yngsta skólastigi.	Um er að ræða innleiðingu á breyttum aðferðum í fyrstu þremur árgöngunum og hugsað til framtíðar.	Bættur árangur, ánægðara starfsfólk, nemendur og foreldrar (Skólapúls)	Ráðgjafi sem vinnur með kennurum fyrstu árin og hittir þá reglulega.
Foreldrasamstarf	Leitað leiða til að efla foreldrasamstarf	Skólastjórn endursamt starfsfólki	Unnið á næstu tveimur árum	Skólapúls - foreldrahloti	Fyrirlestrar, lestrarömmur/afar, stutt innlegg á FB.
Náttúrufræði – útikennsla	Efla samstarf við fyrirtæki og stofnanir í nærumhverfinu. Endurskoða áherslur í náttúrufræðik.	Raungreina kennarar ásamt umsjónarkefnurum.	Næstu tvö árin.	Aukinn áhugi nemenda á raungreinum og nærumhverfi. (Skólapúls,	Sækja um styrk t.d. í Sprotasjóð, Grænfanaverkefni, Skógræktar

	Auka útikennslu og búa til hjálparpakka fyrir kennara til að fara með út.			Pisa)	élag, GeoPark o.fl. Nýta betur útikennslus væði.
Sérkennsla	Breyttar áherslur, halda fleiri námskeið og bjóða nemendum upp á námskeið í lestri, ekki bara þeim allra slökustu heldur næsta hóp líka.	Skólastjórn endur og sérkennarar	Allt skólaárið og ef þetta gefst vel þá verður framhald.	Bættur árangur í lestri þar sem fleiri nemendur ná mjög góðum árangri í stað miðlungs.	Breytt námsefni í sérkennslu, samstarf við foreldra mikið.